



23. stjórnarfundur LH

Haldinn 3. október 2016 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal kl. 15:00

Mættir aðalmenn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Eyþór Jón Gíslason ritari, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson
Mættir varamenn: Rúnar Þór Guðbrandsson, S. Rúnar Bragason
Fjarverandi: Petra Kristín Kristinsdóttir, Helga Björg Helgadóttir, Hrönn Kjartansdóttir
Gestir: Hilda Karen Garðarsdóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir starfsmenn skrifstofu, Rúnar Birgir Gíslason og Guðný Björk Gunnarsdóttir frá Advania

1. **Fundargerð síðasta fundar** - Lögð fyrir og samþykkt.
2. **App – Guðrún og Rúnar Birgir frá Advania kynna og svara spurningum**
 - a. Vinna við appið fór seint af stað og þess vegna var það tilbúið frekar seint og ekki hægt að prófa það nógu mikið.
 - b. Ef appið yrði notað áfram, þá var hugsunin að nota það áfram í félögunum. Ef Sportfengur getur skilað xml skrá inn í appið þá lítið mál. Dagskrá mótsins, geti komið úr Sportfeng. Jafnvel þarf ekki að nota xml skrár, heldur frekar vefþjónustur.
 - c. Ef nota á appið áfram, gera lista yfir mótin með IS númerum og tengja við Sportfeng.
 - d. RPG: Er þörfin það mikil að við þurfum app?
 - e. Einfalt að gera þetta app tilbúið til að tala við Sportfeng ef ákveðið verður að fara í það.
 - f. Formaður leggur til að fá tölvunefnd LH til að skoða þetta, meta appið og skoða kostnað við vinnuna og rekstur þess. Samþykkt.
3. **Tölvunefnd LH, erindisbréf**
 - a. Tölvunefnd sendi endurskoðað erindisbréf í framhaldi af vinnu á nefndafundi LH. Lítur mjög vel út.
4. **60. Landsþing LH í Stykkishólmi**
 - a. Tillaga nr. 7 – stjórnin er að biða eftir ráðleggingum frá ÍSí. Þingforsetar lögðu til að tillagan yrði dregin til baka.
 - b. Heimsókn í Hólminn – JDB, HKG og PAG fóru í Hólminn ásamt Valdimar Leó Friðrikssyni sem verður 1. þingforseti. Þær hittu á fundi hinn þingforsetann, Grétar D Pálsson og formann LH Lárus Ástmar Hannesson. Aðstæður eru mjög góðar til landsþingshald, gistingin verður eitthvað dreifð um bæinn en góð gisting engu að síður.
 - c. Gullmerki – fundurinn fól formanni og varaformanni að komast að niðurstöðu um hvaða góða fólk á að heiðra með gullmerki af þeim lista sem búíð var að vinna með.
 - d. Tóbaksnotkun – stjórn LH vill beina því til félaga sinna að ítreka bann við tóbaksnotkun í íþróttum og í og við íþróttamannvirki. Jafnvel þurfi að senda öllum félögum skilti til að hengja upp, sem banna notkun tóbaks, t.d. í reiðhöllum og reiðvöllum.
5. **Uppskera**
 - a. Gullhamrar eru fráteknir 5. nóvember. Hátíðin verður haldin með sama sniði og síðustu ár. Myndskeiðavinnsla tekur tíma og þarf að komast í gang.



- b. Valnefndin þarf að komast af stað, vantar einn fulltrúa úr stjórn. Varaformaður stingur uppá Hauki Baldvinssyni í það. Samþykkt.
- c. Veislustjórn – tillaga gerð að því að hafa tvo veislustjóra, Andreu M. Þorvaldssdóttur og Eysteinn Leifsson. Samþykkt.

6. **Skógarhólar - viðburður**

- a. Formaður þakkar HBH og JDB fyrir þeirra ómældu vinnu við stórverkefnið. Um 45 sjálfboðaliðar komu með hesta til að aðstoða. Búið var að safna saman vaðmálsfötum og ýmsu tilheyrandi til að gera stemninguna rétta. Víkingaborpi var slegið upp á staðnum, karlakór söng, hestvagnar, járningamenn, myrkur og kyndlar og stemningin var mögnuð. LH fær þónokkrar tekjur fyrir þetta verkefni eða um 2,5 milljónir króna. Uppgjör er í vinnslu og mun verða kynnt síðar.
- b. Svæðið lítur vel út eftir veru hópsins á Skógarhólum. Það sjást hjólför eftir stórar vélar en það mun verða orðið gott næsta sumar og gróa vel.

7. **Önnur mál**

- a. Mikil umræða um Íslandsmótin, hvort rétt sé að færa ungmennin á fullorðinsmótin, hvort rétt er að skilyrða mótshaldara að hafa mótin WR o.s.frv.
- b. Laufskálarétt – Formanni var boðið norður að taka þátt í sýningu á Sauðárkróki. Eftirtektarvert hversu vel tekst til, vel er tekið á móti öllum, stórum hópum og smáum.

*Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið um kl. 18:00.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*